

Ársskýrsla leikskólans Álfasteins, 1. september 2014 til 31. ágúst 2015.

## Efnisyfirlit

|   |           |
|---|-----------|
| 1. Almennar upplýsingar .....   | 2         |
| 1.1. Leikskóli .....  | 2         |
| 1.2. Breytingar og viðhald .....  | 2         |
| 2. Hugmyndafræði leikskóla - Stefna - Námskrá .....                           | 2         |
| 2.1. Áherslur og markmið .....  | 2         |
| 2.2. Mat á starfinu, framkvæmd og niðurstöður .....                           | 3         |
| 2.3. Skipulag .....   | 4         |
| 3. Leikskólastarfið síðastliðið skólaár .....                                 | 5         |
| 3.1. Framkvæmd ársáætlunar .....  | 5         |
| 3.2. Þróunar-og nýbreytnistarf .....  | 5         |
| 3.3. Ferðir, menningarviðburðir, sýningar, hefðir og hátíðir .....            | 6         |
| 4. Starfsmenn .....   | 7         |
| 4.1. Stöðugildi .....   | 7         |
| 4.2. Fundir .....   | 7         |
| 4.3. Skipulags-og námskeiðsdagar endur- og símenntun .....                    | 7         |
| 4.4. Áherslur í samstarfi, starfsmannasamtöl, móttaka nýrra starfsmanna ..... | 8         |
| 5. Börn .....   | 8         |
| 5.1. Fjöldi barna .....   | 8         |
| 5.2. Sérkennsla .....   | 8         |
| 6. Foreldrasamstarf .....   | 8         |
| 6.1. Áherslur og markmið .....  | 8         |
| 6.2. Foreldrafundir .....   | 9         |
| 6.3. Foreldrasamtöl - upplýsingar .....                                       | 9         |
| 6.4. Foreldrafélag .....  | 9         |
| 7. Samstarf - fræðsla, ráðgjöf .....  | 9         |
| 7.1. Leikskólaskrifstofa .....  | 9         |
| 7.2. Nemar .....  | 10        |
| 7.3. Samstarf við grunnskóla .....  | 10        |
| 7.4. Samstarf við aðra .....  | 10        |
| 7.5. Öryggismál .....   | 10        |
| <b>8. Lokaorð .....</b>   | <b>10</b> |

## 1. Almennar upplýsingar

### 1.1. Leikskóli

Leikskólinn Álfasteinn hóf starfssemi sína 30. júlí 1995 og hefur verið opinn 11 mánuði á ári síðan. Lokað er einn mánuð á ári vegna sumarfría.

Sumarið 2006 návar tiltekið 14. júlí var fyrsta skóflustungan tekin af 160.0 fm. viðbyggingu Álfasteins. Byggingafyrirtækið Katla sá um verkið og skilaði húsinu af sér 3. mars 2007. Þann sama dag sá starfsfólk leikskólans um að flytja allt úr eldri hluta leikskólans yfir í nýja hlutann og hafist var handa við endurbætur og breytingar á gamla hlutanum sem eru 113,7 fm. Því lauk 1. júní 2007 og var þá hægt að fara að nýta allan leikskólann samtals 273,7 fm.

Í nóvember 2007 var aftur farið að elda hádegisverð á Álfasteini og matráður fenginn í 60% stöðu. Fram að því var aðkeyptur hádegismatur frá Lostæti ehf. Í ágúst 2008 fjölgaði börnum og starfsfólki og matráður fór í 75% stöðu. Í haust var ákveðið að auka stöðuna upp í 80 % þar sem matráður er nú að baka og útbúa nánast allan mat frá grunni.

Lóðin er stór og á henni er bæði ræktað land og trjáreitir. Þar er stór sandkassi, tvær rólur, rennibraut, lítið hús og fjögra sæta ruggusmári. Þar er líka útiskúr sem geymir útileikföng af ýmsu tagi. Rekstraraðili skólans er Hörgársveit.

### 1.2. Breytingar og viðhald

Í janúar voru öll gólf bónuð. Híla var sett upp í Sóley. Hefðbundið viðhald var eftir þörfum svo sem málning innanhúss og málning á útileiktækjum.

## 2. Hugmyndafræði leikskóla - Stefna - Námskrá

### 2.1. Áherslur og markmið

Á Álfasteini er gaman

#### Einkunnarorð Álfasteins eru “ Með sól í hjarta”

Sérstaða Álfasteins er smæð hans sem býður upp á nánari samskipti starfsmanna, barna og foreldra. Mikil áhersla er lögð á umhyggju fyrir barninu sem einstaklingi með réttindi og skyldur. Barnið á rétt á að þroskast í gegnum leik á eigin forsendum eins og frekast er unnt og velja sér viðfangsefni undir leiðsögn kennara. Á Álfasteini á að vera gaman að leika sér og vera til yfirleitt. Með leikskólastarfinu viljum við líka sjá börnin þróa með sér sterka sjálfsmynd, lífsgleði og ánægju. Þau verði sjálfsöguð og fær um að sýna virðingu og vináttu í samskiptum. Jafnframt viljum við stuðla að alhliða þroska þeirra, sjálfshjálp og lífsleikni. Sem heilsuleikskóli leggjum við einnig aukna áherslu á næringu, hreyfingu og listsköpun í leik.

Álfasteinn er staðsettur utan þéttbýlis og við leggjum áherslu á umhverfið og náttúruna. Við viljum að börnin læri að bera virðingu fyrir náttúrunni og njóta hennar.

#### Meginmarkmið Álfasteins:

- Að börnin öðlist leik- og sköpunargleði.
- Að börnin hafi virðingu og vináttu að leiðarljósi í samskiptum.
- Að börnin verði meðvituð um náttúruna og umhverfið.
- Að börnin verði meðvituð um mikilvægi hreyfingar og hollustu.

#### Leiðir að markmiðum:

*Að börnin öðlist leik- og sköpunargleði.*

- Gefum frjálsum leik og listsköpun alltaf nægan tíma og rúm í dagskipulagi skólans.
- Stuðlum að því að börnin öðlist öryggi í leik og listsköpun
- Hvetjum börnin til að leika sér og skapa bæði ein og í hóp.
- Stuðlum að því að börnin geti tekið sjálfstæðar ákvarðanir um val á viðfangsefnum.
- Hvetjum börnin til að vinna út frá eigin skynjun og hugmyndum.
- Höfum aðgengilegan margskonar efnivið í listsköpun og leik sem vekur forvitni og rannsóknarlöngun barnanna.

*Að börnin hafi virðingu og vináttu að leiðarljósi í samskiptum.*

- Hvetjum börnin til að sýna öðrum hlýlegt og vingjarnlegt viðmót.
- Leggjum áherslu á að börnin læri að leysa úr ágreiningsmálum.
- Heilsumst og tókum undir kveðjur með bros á vör.
- Erum vakandi fyrir því að hrósa og hvetja börnin.
- Erum heiðarleg og hreinskilin í samskiptum hvert við annað.
- Hvetjum börnin til að eiga frumkvæði og sýna sjálfstæði í starfi.
- Hvetjum börnin til að tala saman og hlusta hvert á annað.

*Að börnin verði meðvituð um náttúruna og umhverfið.*

- Kynnum fyrir börnunum dýr og gróður.
- Förum í vettvangs- og gönguferðir.
- Kynnum börnunum endurnýtingu og mikilvægi hennar fyrir náttúruna.
- Kynnum börnunum breytileika náttúrunnar frá einni árstíð til annarar.

*Að börnin verði meðvituð um mikilvægi hreyfingar og hollustu.*

- Bjóðum upp á hollt og gott fæði.
- Stuðlum að daglegri hreyfingu barnanna úti og inni.
- Fræðum börnin um næringu og heilbrigði gegnum leik og starf.
- Eflum líkamsvitund barnanna og aukum hreyfifærni þeirra.

## **2.2. Mat á starfinu, framkvæmd og niðurstöður**

Óformlegt mat á starfsemi í heild er alltaf í gangi á starfsmannafundum, námskeiðum og í samtölum starfsmanna, en formlegt innra mat á líka að vera á dagskrá leikskólans. Þó formlegt mat hafi ekki átt sér stað síðan 2011 þá erum við alltaf af og til á fundum að skoða hvað betur megi fara og hvað sé af hinu góða. Foreldrakönnun er framkvæmd annað hvert ár og verður því næst að hausti 2015.

Starfsmenn merktu sameiginlega við í fyrri helming af gátlista heilsustefnunnar að vori 2014 og var niðurstaðan sú að við stæðum okkur vel þó að alltaf megi gera betur. Seinnihluti hefur því miður ekki verið yfirfarin ennþá en til stendur að gera það að hausti 2015.

Mikil vinna hefur verið í nýrri námskrá Álfasteins sem er nú nánast tilbúin og verður sett á nýja heimasíðu leikskólans sem væntalega verður tilbúin í janúar 2016.

Vinna við innleiðingu hófst formlega á haustdögum 2013 á stefnunni „Positive dicipline“ jákvæður agi sem á rætur sínar að rekja til Bandaríkjanna. Jákvæður agi snýst um að kenna félagsfærni og lífsleikni og að fylgja ákvörðunum eftir með góðvild og festu. Þegar barnið eflist í getu og þroska verður það þátttakandi í að finna lausnir og setja mörk. Starfsfólki finnst Jákvæður agi vera góð stefna og styðja vel við Stig af stigi sem er félags og tilfinningaleg þjálfun fyrir 4 – 6 ára börn og unnið hefur verið með hér síðustu ár. Í ágúst 2015 var tveggja ára innleiðingu lokið en ákveðið var að byrja aftur frá upphafi á innleiðingunni til

að skerpa betur á ákveðnum þáttum stefnunnar, því alltaf má gera betur. Starfsfólk mat það einnig svo í matsskýrslu sem verkefnisstjóri innleiðingarinnar tók saman að gott væri að taka innleiðinguna fyrir aftur. Matsaðili frá Naustatjörn, Jónína Hauksdóttir, en þar er einnig unnið samkvæmt Jákvæðum aga, kom og tók út starfsseminu með matsblað sem upphaflega kom frá kennurum stefnunnar í Bandaríkjunum en hefur svo verið staðfært að leikskóla. Í stuttu máli sagt kom Álfasteinn vel út úr matinu.

Síðustu ár hefur Sesselja Sigurðardóttir, leikskólaráðgjafi komið í leikskólann og fylgst með samskiptum barna og starfsmanna að þessu sinni kom hún að hausti 2014 og fylgdist með elstu hópum leikskólans. Dálítið hefur verið um samskiptavanda barna í eldri hópum og gat hún gefið starfsfólki góð ráð en að öðru leyti var hún ánægð með starfið.

Starfsmenn Landverndar komu og tóku út starfið í júní 2015 og fengum við afhendan nýjan grænfána. Þær voru ánægðar með starfið og hvöttu okkur áfram til dáða. Í skoðun er að fara að nota margnota klúta til handþurkunar og í fyrsta sinn nú í haust mun vera hér barn sem notar margnota bleiur. Þær voru sérstaklega ánægðar með hvað lítill úrgangur fer frá okkur þar sem lífrænn úrgangur fer í moltu og restin fer í hænur starfsmanns.

### 2.3. Skipulag

Dagskipulag leikskólans

|                  |                                   |
|------------------|-----------------------------------|
| Kl. 7:45 - 8:15  | Leikskólinn opnar – Róleg stund   |
| Kl. 8:15 - 8:45  | Morgunverður/frjáls leikur        |
| Kl. 8:45 - 10:00 | Hópastarf/ útivera                |
| Kl.10:00-10:15   | Ávaxta/samverustund – öll börn    |
| Kl.10:15-11:30   | Hópastarf/ útivera                |
| Kl.11:30-12:00   | Hádegismatur                      |
| Kl.12:00-13:00   | Svefn/ Hvíld - samverustundir     |
| Kl.13:00-14:30   | Frjáls leikur                     |
| Kl.14:30-15:00   | Miðdagskaffi                      |
| Kl.15:00-16:15   | Frjáls leikur – leikskólinn lokar |

Í eftirfarandi texta koma útskýringar á dagskipulagi leikskólans.

#### Matartímar

Í matartímum á hvert barn sitt sæti og stólarnir eru merktir og stilltir eftir hæð hvers og eins. Sami starfsmaður er við hvert matborð og áhersla lögð á stöðugleika í barnahópnum þar eins og annars staðar í starfinu. Börnin eru hvött til að hjálpa sér sjálf við matborðið, vera kurteis og aðstoða borðfélagana eftir þörfum. Þarna gefst góður tími til samveru og samræðna og eftir máltíðina hjálpast allir að við að ganga frá.

#### Frjáls leikur

Þá velur hver og einn hvar hann vill leika sér og með hvaða efnivið. Eldri börnin eru gjarnan búin að sammælast um hvað þau langar að gera en þau yngri þurfa meiri aðstoð við að finna sér viðfangsefni. Við leggjum mikla áherslu á frjálsan leik og styðjum við hann með því að bjóða upp á fjölbreytt leiktækifæri og nægan tíma eins og áður hefur komið fram í markmiðum skólstarfsins.

#### Hópastarf

Í hópastarfi fara þau börn sem eru á svipuðum aldri saman í hóp og vinna að einhverju ákveðnu verkefni. Hver hópur fær sinn hópstjóra og það er reynt að halda hópnum óbreyttum frá hausti fram á vor. Hóparnir skipta með sér svæðum hússins. Starfið er tvískipt, hópastarf

eldri barna 4 – 6 ára skipt uppí tvo hópa og svo hópastarf yngri barna 12 mánaða til 4ra ára, skipt í þrjá hópa. Þannig nýtist húsnæðið líka best. Elsti árgangurinn er auk þess í „skólahóp“ og þar er meðal annars unnið markvisst að því að búa börnin undir grunnskólann.

### **Útivera**

Útivera er mikilvægur þáttur í uppeldisstarfi leikskólans, þar sem hreyfingu og frjálsum leik er gert hátt undir höfði. Börnin leika sér á leikskólalóðinni og fara í styttri og lengri ferðir um nágrennið. Stundum eru skipulagðir útileikir og íþróttaæfingar fléttaðar inni frjálsa leikinn.

### **Ávaxta/samverustund**

Börnin eru í sínum hópum, borða ávexti og eiga notalega spjallstund saman.

### **Hvíld**

Eftir hádegismat er hvíldartími og þá sofa þau yngstu, en eldri börnin hvíla sig í litlum hópum. Þetta er notaleg samverustund með sögum, söng og samræðum, en líka má leggja fyrir einhver verkefni og/eða vinna áfram með einhver hugðarefni barnanna. Stundum eru þau líka að perla, teikna, pússla eða spila á þessum tíma dagsins.

## **3. Leikskólastarfið síðastliðið skólaár**

### **3.1. Framkvæmd ársáætlunar.**

Í upphafi skólaárs voru útlínur þess lagðar. Haustið 2014 fóru 6 börn í skóla og í staðinn komu 10 börn inn frá vori fram á haust, samtals voru 30 börn haustið 2014, sem er fjölgun um fimm frá árinu áður. Að vorinu hætti svo eitt barn og tvö bættust við, leikskólaplássunum var því fullráðstafað um tíma. Ekkert barn var í skólavistun.

Fastráðnir starfsmenn voru 9 talsins. Þegar búið var að skipta í hópa fyrir hópastarf skólaársins, var haldin kynningarfundur fyrir foreldra auk þess gátu foreldrar nálgast mánaðarskipulagið á heimasíðunni fyrir hvern mánuð. Einnig var foreldrum sent í tölvupósti af og til hvað börnin aðhöfðust í hópastarfi. Ársáætlun var gerð fyrir þetta skólaár í formi skóladagatals, sem afhent var foreldrum, en hana er einnig að finna á heimasíðu leikskólans. Áætlun fyrir hvern mánuð í senn var einnig unnin uppúr ársáætlun. Skipting í sumar- og vetrarstarf var hefðbundið, meiri útivera og minna skipulagt innistarf yfir sumarið.

### **3.2. Próunar-og nýbreytnistarf**

Sérhver breyting í barna- og starfsmannahópnum kallar á einhverjar áherslubreytingar í starfinu. Það verður að vera sveigjanlegt en um leið í sínum fasta ramma og alltaf að miðast við þarfir þeirra fjölskyldna sem eru viðskiptavinir skólans hverju sinni.

Álfasteinn setti stefnuna á að verða Skóli á grænni grein á starfsdegi í október 2007. Í nóvember var skipuð umhverfisnefnd og umhverfissáttmála skólans sömdu börn og starfsmenn í júní 2008. Skólinn var þá byrjaður að stíga skrefin sjö til að geta seinna sótt um grænfánann. Haustið 2008 útfærðu börnin umhverfissáttmálann í hópastarfi og hann varð sýnilegur á veggjum skólans. Í mars 2009 sendi Halldóra E. Jóhannsdóttir, sem stýrir þessu starfi, skýrslu um framgang verkefnisins til Landverndar en hana er að finna á heimasíðu skólans. Fimmtudaginn 11. júní afhenti fulltrúi Landverndar svo Álfasteini Grænfánann með viðhöfn og nú blaktir hann við hún. Haldið var áfram með umhverfisverndina og var betri orku-og vatnsnýting aðal áherslan ásamt því að halda áfram með það sem komið er. Í mars 2011 sendi Halldóra aftur inn skýrslu sem er einnig að finna á heimasíðu skólans. Við fengum svo fánann afhentan í annað sinn við hátíðlega athöfn 9. júní 2011. Í vetur höfum við lagt áherslu á að kynna nýjum börnum endurvinnsluna og halda við því sem við höfum lært áður ásamt því að leggja áherslu á orkusparnað. Áfram var haldið og í mars sóttum við um að fá afhentan fána í þriðja sinn og fengum við hann með viðhöfn á vorhátíð leikskólans 7. júní 2013. Við höfum unnið að því að bæta áttögum við og að sjálfsögðu höfum við haldið áfram

með það sem er á undan komið. Vel hefur gengið að halda áætlun því grænfánann fengum við afhentan nú í fjórða sinn sl. sumar, 2015.

Í október 2010 sá leikskólastjóri um að skipa í heilsunefnd sem mun sjá um að halda utan um heilsbrautarstarfið í leikskólanum. Í nefndinni eru Bergljót Jónsdóttir, Hugrún Dögg Harðardóttir, Bára Björk Björnsdóttir og leikskólastjóri.

Heilsufánann fengum við afhendan í júní 2012 eftir að hafa uppfyllt þau skilyrði sem ætlast er til og erum því orðin Heilsuleikskóli. Eins og áður hefur verið minnst á þá kláruðum við einnig innleiðingu Jákvæðs aga að hausti 2015 og höldum ótrauðar áfram með þá agastefnu sem og Stig af stigi sem við höfum nýtt okkur síðan 2007.

### **3.3. Ferðir, menningarviðburðir, sýningar, hefðir og hátíðir**

- Við höfum hópastarfið í byrjun september og þá höfðum við náttfataball, bláan dag og fórum í fyrstu ferð haustsins í íþróttahúsið á Þelamörk. Einnig höfðum við enska viku.

- Í október höfðum við afa og ömmukaffi, bangsadag og rafmagnslausan dag. Í nóvember gerðum við degi íslenskrar tungu hátt undir höfði með bókaviku, fórum í íþróttiferð, höfðum ævintýradag sem lukkaðist vel og rauðan dag.

- Í desember lögðum við áherslu á að börnin skynjuðu hátíðleik jólanna, höfðum samverustundir við kertaljós og kynntum börnunum jólaboðskapinn.

Í byrjun mánaðarins útbjuggu börnin jólagjafir handa foreldrum sínum og pökkuðu þeim inn í skreyttan pappír. Jólaföndur með foreldrum var haldið í byrjun mánaðarins. Farið var á kaffihús í miðbæ Akureyrar og nýttum við þá tækifærið til skoða fallega jólatréð sem stendur í miðbænum og sjálfan jólaköttinn.

Jólaballið var á sínum stað með þátttöku tveggja hressra jólasveina sem ungmennafélagið Smárinn sendi okkur ofan af fjöllum. Foreldrar mættu vel og allir fóru ánægðir heim eftir að hafa þegið súkkulaði og smákökur sem Bessa töfraði fram með aðstoð barnanna. Rétt fyrir jól borðuðu börn og starfsmenn saman jólamat í hádeginu, kjöt sem jólasveinninn hafði komið með nóttina áður. Dagana milli jóla og nýárs voru fá börn í skólanum og nýttum við því tímann til ýmsa verka.

- Í janúar höfðum við íslenska viku þar sem við borðuðum hefðbundinn þorramat á bóndadag með heimagerða víkingahjálma úr kartoni og sungum Þorrapræl og fleiri vetrarlög. Á Bóndadag var „karlakaffi“ á Álfasteini þar sem pöbbum, öfum, bræðrum og frændum var boðið í kaffi, kryddbrauð með smjöri og osti í tilefni dagsins. Síðasta föstudag í þorra var svo „konukaffi“ þar sem mömmum, ömmum, systur og frænkum var boðið í vöflur og rjóma. Við höfðum dótadag sem alltaf er beðið eftir með mikilli eftirvæntingu. Lögðum áherslu á mikilvægi þess að muna að bursta tennurnar í tannverndarvikunni. Fórum eina íþróttiferð.

-Í upphafi febrúar mánaðar var dagur leikskólans sem við höldum uppá með því að bjóða foreldrum í heimsókn til að taka þátt í frjálsa leiknum sem er svo mikilvægur hér á Álfasteini. Um miðjan mánuð var haldið uppá bolludag, sprengidag og öskudag. Ein íþróttiferð var farin og við lukum svo febrúarmánuði með gulum degi.

Í mars mánuði var ýmislegt um að vera við brydduðum upp á þeirri nýjung að hafa sérstakan kubbadag þar sem allir kubbar leikskólans voru dregnir fram og lögð áhersla á kubbabyggingar, einnig gerðum við það sama með öll spil leikskólans. Skráð var í heilsuþækur. Leiksýning með Einari Áskel í boði foreldrafélags Þelamerkur og Álfasteins sem sýnd var á þelamörk var um miðjan mánuð og höfðu börnin mjög gaman af. Við lukum svo mánuðinum með íþróttiferð.

- Í apríl kom til okkar harmonikkuleikari á vegum Harmonikkufélags Eyjafjarðar og spilaði fyrir okkur nokkur lög sem börnin voru búin að æfa dansa við. Haldin var fjölmeningarvika þar sem tekin voru fyrir þau lönd sem tengjast leikskólabörnunum. Í lok mánaðarins var grænn dagur. Í maí var farið í Garðshorn í sveitiferð í ágætu veðri. Börnin fóru í fjárhús, fóru á hestbak og klöppuðu hundinum á bænum. Teknar voru með ávextir og allir skemmtu sér

hið besta, enda móttökurnar góðar. Hópastarfi lauk undir miðjan mánuð og þemavikur sumarins tóku við. Elstu börnin fóru í útskriftarferð með kennurunum sínum. Þau tóku strætó í bæinn, fóru á bókasafnið, léku sér á leikvelli og gáfu öndunum brauð. Svo var endað á því að fá sér pizzu á Greifanum og allir skemmtu sér hið besta. Útskrift elstu barna var haldin við hátíðlega athöfn síðdegis í maí með tilheyrandi veislu sem börnin buðu foreldrum og systkinum sínum í. Hjóladagur var svo haldin í lok mánaðarins við miklar vinsældir að venju. - Þann 5. júní var grillhátíð og 20 ára afmælishátíð Álfasteins. Veðrið var ágætt og mætingin var góð. Leigður var stór hoppukastali og þrautabraut sett upp í garðinum. Grillaðar voru pylsur og svo gæddu gestir sér á laglegri afmælsköku sem bökuð var í tilefni dagsins. Starfsfólk var búið að setja saman skemmtilegt myndband úr starfi skólans þar sem börnin svöruðu hinum ýmsu spurningum. Hlutavelta var haldin á vegum foreldrafélagsins og var ágóðinn af sýningunni svo notaður í ferð í sundlaugargarðinn um miðjan júní. Þann 16. júní var haldin fánadagur. Fjöruferð var farin á Hjalteyri, þar sem börnin skemmtu sér konunglega í fjörunni og grillaðar voru pylsur. Leikskólinn var lokaður frá og með mánuðeginum 13. júlí til þriðjudagsins 10. ágúst 2014. Þá hófust hefðbundnar aðlaganir.

## 4. Starfsmenn

### 4.1. Stöðugildi

Þessar tölur miðast við 1. des. 2013.

Anna Dóra Gunnarsdóttir leiðbeinandi í 95% stöðu

Ásdís Skarphéðinsdóttir leiðbeinandi 75 % stöðu

Bára Björk Björnsdóttir leikskólakennari 100 % stöðu

Bergljót Jónsdóttir matráður í 75% stöðu

Halldóra E. Jóhannsdóttir leikskólakennari í 100 % stöðu.

Hugrún Dögg Harðardóttir leikskólakennari í 62,5 % stöðu

Sigríður Gréta Þorsteinsdóttir leikskólak. og deildarst. í 75% stöðu.

Hugrún Ósk Hermannsdóttir leikskólastjóri í 75 % stöðu.

Soffía Helgadóttir leikskólakennari 100 % stöðu

Helga Sverrisdóttir blönduð störf 62,5 % stöðu

Kristófer Fannar Sigmarsson starfsmaður 50 % stöðu

### 4.2. Fundir

Starfsmannafundir voru fjórir í fjórar klst. og tveir tveggja tíma fundir. Leikskólastjóri sótti samráðsfundi leikskólastjóra á Skóladeild Akureyrarbæjar og fagfundi leikskólastjóra á minni leikskólum einu sinni í mánuði. Hann hitti svo sveitarstjóra og fræðslunefnd eftir þörfum. Einnig fundaði leikskólastjóri með foreldraráði eftir þörfum yfir veturinn. Sérkennslustjóri sótti fundi ætlaða sérkennurum og deildarstjóri sótti fundi ætlaða deildarstjórum.

### 4.3. Skipulags-og námskeiðsdagar endur- og símenntun

Fyrsti starfsmannafundur haustsins var haldinn í byrjun september.

Hann fór að mestu leyti í almenn mál og skipulagningu vetrarins. Skipulagsdagur var haldin 3. október og var hann nýttur í samræður um barnahópinn, skipulag starfsins og verkfæri jákvæðs aga voru rædd. Þann 22. október var haldinn starfsmannafundur sem nýttur var í skráningu í Heilsubók barnanna. Þann 10. nóvember var starfsmannafundur sem nýttur var í umræðu um börnin og ýmis skipulagsmál. Skipulagsdagur var haldinn 2. janúar, starfsfólk sótti námskeið um ábyrgð, skyldur og vellíðan í vinnu, en restin af deginum var nýttur í undirbúning hópastarfs. Þann 7. febrúar var tíminn nýttur til umræðu um ýmis skipulagsmál s.s skóladagatal næsta árs og fleira. Rætt var um fyrirhugaða Skotlandsferð.

Starfsmannafundinn 23. mars nýttum við í skráningu í Heilsubækur barnanna og

undirbyggjum foreldrasamtöl. Þann 13. til 15. maí var starfsmannafundur og námskeiðsdagur sem nýttir voru til þess að fara á námskeið í Glasgow í útiskóla sem starfræktur er úti skógi. Sigríður og Bára sóttu aðalfund Samtaka Heilsuleikskóla í Reykjavík í mars 2014.

Bára hefur verið í meistaranámi í kennslufræðum með áherslu á sérkennslu og kláraði það nú í vor. Bára fór á námskeið í Tras. Bára, Halldóra og Sigríður fóru á námskeiðið „Að leggja grunninn“ um málörvun barna. Soffía fór á skyndihjálparnámskeið.

Halldóra og Anna Dóra fóru á trúnaðarmannanámskeið á vegum KÍ og Einingar/Iðju.

Bára verkefnisstjóri í jákvæðum aga fór á nokkra vinnufundi með öðrum kennurum sem og leikskólastjóri til skrafs og ráðagerða um verkefni tengd Jákvæðum aga. Þar hittust leikskólar og grunnskólar sem hafa þessa stefnu að leiðarljósi og unnu að ýmsum sameiginlegum verkefnum eins og handbók, matskerfi, starfsáætlun og fleira. Leikskólastjóri sótti fundi með leikskólastjórum Akureyrar og nágrennis í HA þar sem unnið var að ýmsum verkefnum og fræðst um „lærdómssamfélagið. Leikskólastjóri fór í nám með vinnu í HA til að klára B.ed. gráðu í kennarafræðum.

#### **4.4. Áherslur í samstarfi, starfsmannasamtöl, móttaka nýrra starfsmanna**

Í starfsmannahandbók Álfasteins er lögð áhersla á góð samskipti starfsmanna. Móttaka nýrra starfsmanna er á ábyrgð leikskólastjóra og deildarstjóra. Góð samskipti starfsmanna eru ein af undirstöðum gæðastarfs í leikskóla. Starfsmenn greiða í starfsmannasjóð sem er síðan varið til þess að borða saman, fara í leikhús eða bíó, í sumarbústað saman yfir helgi svo eitthvað sé nefnt. Þeir gleðja líka hver annan á afmælisdögum og við stórviðburði eins og barnsfæðingar og giftingar.

Leikskólastjóri tók starfsmannasamtöl við starfsmenn í mars og apríl. Starfsfólk talaði um að góður andi ríkti í húsinu.

## **5. Börn**

### **5.1. Fjöldi barna.**

Þessar tölur miðast við 1. des. 2014.

Þá voru 29 börn í leikskólanum, 17 drengir og 12 stúlkur, 6 börn fædd 2009, 4 börn fædd 2010, 5 börn fædd 2011, 9 börn fædd 2012 og 5 börn fædd 2013. Vistunartími var frá 4 upp í 9 tíma á dag. Útseldir tímar að hausti voru 224,40 sem er aukning frá því í fyrra.

Boðið var uppá skóladvöl hér á Álfasteini frá kl.: 15:00 – 16:15 eftir að grunnskóla lauk á daginn. Það var ekkert barn þetta árið sem var í slíkri dvöl að hausti og var þar til grunnskóla lauk.

### **5.2. Sérkennsla**

Ekkert barn var skráð með sérkennslu.

## **6. Foreldrasamstarf**

### **6.1. Áherslur og markmið**

Stór þáttur í góðu leikskólastarfi er gott samstarf við foreldra. Þeir eru hvattir til að spyrja ef þá langar að vita eitthvað betur um starfsemina og ef eitthvað er óljóst. Opin og góð samskipti foreldra og starfsmanna eru grundvöllur að öryggi og vellíðan barnsins á leikskólanum.

Barnið er fyrst og fremst barn foreldra sinna og þeirra er ábyrgðin á uppeldi þess.

Leikskólastarfið er síðan viðbót við þetta uppeldishlutverk foreldra, en er aldrei ætlað að koma í staðinn fyrir það. Starfsmenn Álfasteins gera sér þó fulla grein fyrir þeirri ábyrgð sem á þeim hvílir að annast dýrmætustu „eigur“ annarra. Foreldrar eru ávallt velkomnir í leikskólann og sérstaklega á allar þær uppákomur sem leikskólinn stendur fyrir.



## 6.2. Foreldrafundir

Á hverju hausti er haldinn foreldrafundur þar sem vetrarstarfið framundan er kynnt. Boðið er upp á kaffi og umræður um starfið, og foreldrafélagið leggur fram ársreikninga sína og áætlanir. Þetta árið var aðalfundur foreldrafélagsins og kynningarfundur leikskólans haldin 1. október. Starfsfólk sagði frá skipulagi og áherslum vetrarins. Stjórn foreldrafélagsins sinnti aðalfundarstörfum.

## 6.3. Foreldrasamtöl - upplýsingar

Foreldrasamtöl eru tekin áður en barn byrjar á leikskólanum. Það viðtal tekur deildarstjóri og fær þá helstu upplýsingar um barnið og gerir dvalarsamning við foreldrið. Síðan er foreldrasamtal þegar að barnið hefur verið í þrjá mánuði í leikskólanum. Við köllum það viðtal í aðlögunarlok og er það gert til að gefa foreldrum tækifæri til að spjalla um hvernig hafi gengið. Einnig er foreldri boðað í samtali einu sinni á ári oftast í apríl mánuði til að fara yfir heilsubók barnsins sem fylgir heilsustefnu leikskólans. Þá er einnig almennt rætt hvernig barninu líður og vegnar bæði á skólanum og heima. Bæði foreldrar og starfsmenn geta líka óskað eftir foreldrasamtali þegar þurfa þykir. Einnig er stutt samtali áður en barn hættir þar sem gögn og myndir af barninu eru afhent foreldrum. Ef barnið er að byrja í grunnskóla er farið yfir þær upplýsingar um þroska og framfarir barnsins sem fylgja því síðan upp á næsta skólastigi. Þetta mat er samræmt og nýtt á öllum leikskólum Akureyrar og nágrennis.

Fréttabréf kemur út eftir þörfum og foreldrum er jafnframt kynnt dagskrá mánaðarins. Skóladagatal fyrir hvert skólaár er einnig á heimasíðu leikskólans. Upplýsingar um hvað börnin hafa verið að fást við yfir daginn eru aðgengilegar í forstofu skólans og á heimasíðu leikskólans. Foreldrakaffi er einstöku sinnum en einnig er lögð áhersla á að foreldrar séu alltaf velkomnir í skólann og þurfi ekkert sérstakt tilefni til þess. Heimasíðan er [alfasteinn@123.is](mailto:alfasteinn@123.is), en inná henni eru allar helstu upplýsingar sem tengjast daglegu starfi og skipulagi, auk þess eru þar myndir af börnunum á leikskólanum í starfi og leik.

## 6.4. Foreldrafélag

Við skólann er starfandi foreldrafélagið Álfavinir. „*Tilgangur þess er að stuðla að velferð barna og starfsfólks á Álfasteini og styrkja samskipti foreldra/forráðamanna barnanna og starfsfólksins sem þar starfar.*“ (Úr starfsreglum foreldrafélagsins.)

5 manna stjórn félagsins hittist reglulega á leikskólanum og situr leikskólastjóri þá fundi.

Foreldrafélagið kostar ferðalög og leiksýningar að hluta og heldur grillveislu á sumrin í samstarfi við leikskólann.

Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, smb. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi. (Úr lögum um leikskóla 2008.)

## 7. Samstarf - fræðsla, ráðgjöf

### 7.1. Leikskólaskrifstofa

Álfasteinn er í samstarfi við Fjölskyldudeild Akureyrarbæjar vegna barna sem þarfnast einhvern aðstoðar. Eins og áður hefur komið fram sækir leikskólastjóri samráðs- og leikskólastjórafundi með leikskólastjórum á Akureyri og nágrenni. Starfsfólkið hefur líka aðgang að námskeiðum sem Skóladeild Akureyrar stendur fyrir. Skólinn er með þjónustusamning við Akureyrarbæ um leiðsögn og eftirlit með leikskólanum, svipað og gerist í þeirra skólum. Leikskólafulltrúi kom einu sinni og skoðaði starfsseminna. Leikskólaráðgjafi vegna sérkennslu kom einnig reglulega til að hitta starfsfólk og foreldra.

## 7.2. Nemar

Nemar úr framhaldsskólum- og háskólanum komu í nokkrar stuttar heimsóknir í tengslum við verkefnagerð.

## 7.3. Samstarf við grunnskóla

Flest börnin fara í Þelamerkurskóla þegar leikskóladvöl lýkur. “Mikilvægt er að samstarf sé á milli leikskóla og grunnskóla til að stuðla að samfellu í uppeldi og menntun barnsins og að það upplifi grunnskólann sem eðlilegt framhald af leikskólanum.” (Aðalnámskrá leikskóla, 1999, bls. 33.) Því höfum við í samvinnu við Þelamerkurskóla skipulagt samstarf milli skólanna.

Fyrsta heimsókn 5 ára barna í Þelamerkurskóla er farin að hausti. Þá skoða börnin skólann og hitta nemendur og kennara 1. bekkjar. Í annari heimsókn fara börnin í íþróttatíma með 1. bekk. Á vorönninni eru svo tvær heimsóknir. Í þeirri fyrri sitja börnin tíma með 1. bekk, fara í frímínútur og taka þátt í ávaxtatíma og í seinna skiptið eru þau með í blokkflaututíma og borða hádegismat í skólanum. Í lok apríl koma nemendur 1. og 2. bekkjar í heimsókn í leikskólann og í maí fara 5 ára börnin með foreldrum sínum í heimsókn í skólann. Þeim er líka boðið á vorhátíð Þelamerkurskóla, ásamt foreldrum sínum og þar bjóða eldri bekkingar og skólastjóri þau formlega velkomin sem fyrstu bekkinga næsta haust. Grunnskólinn fær ítarlegt þroskamat með hverju barni, foreldrum er kynnt það fyrst en ekki þarf lengur formlegt leyfi fyrir því að þessar upplýsingar fylgi börnunum milli skólastiganna, samkvæmt nýjum leikskólalögum. Einnig hefur leik- og grunnskóli tekið saman leikrit og að þessu sinni var það Pétur og úlfurinn sem sýndur var hér á Álfasteini.

## 7.4. Samstarf við aðra

Að vori 2010, nánar tiltekið 12. júní, voru Arnarneshreppur og Hörgárbyggð sameinuð í eitt sveitarfélag með nafninu Hörgársveit. Frá og með sameiningunni, sem féll saman við upphaf nýs kjörtímabils sveitarstjórna í landinu, heyrir leikskólinn undir fræðslunefnd sveitarfélagsins. Áður heyrði hann undir leikskólanefnd í Hörgárbyggð. Í fræðslunefndinni eru fimm fulltrúar. Auk þeirra sitja fundi hennar sveitarstjóri, skólastjóri leikskólans og grunnskólans, fulltrúar foreldra beggja skólanna og fulltrúar starfsmanna beggja skólanna. Fundargerðir nefndarinnar eru afgreiddar fyrir sveitarstjórn. Leikskólastjóri hefur líka reglulegt samstarf við sveitarstjóra og gjaldkera um ýmislegt sem viðkemur rekstri skólans og starfsmannahaldi. Einnig er mikið samstarf við fastráðin húsvörð við fasteignir sveitarfélagsins.

## 7.5. Öryggismál

Leikskólinn er með rýmingaráætlun og Öryggismiðstöð Norðurlands sá um að vakta húsið bæði vegna hugsanlegra innbrota og bruna þar til í júlí 2013, en þá var skipt yfir í Securitas. Slys á börnum hafa ekki verið utan við klemmda fingur og annað smávegis. Öll meiðsli sem eitthvað þarf að sinna eru skráð á þar til gerð eyðublöð sem er í skrá hvers barns, í þeim tilgangi að greina og fyrirbyggja slysagildirur í húsinu og á útileiksvæðinu. Sumarið 2014 var gerð úttekt á skólalóð leikskólans og þó nokkrar athugasemdir gerðar. Álfavinir, foreldrafélag Álfasteins, gaf Álfasteini sumarið 2015 gúmíhellur í kringum álfasteinininn sem er í garðinum, en það var ein af athugasemdunum sem við fengum í úttekt sumarið 2014 að öryggi væri ábótavant þar í kring. Ákveðið hefur verið að ráðast í ýmsar endurbætur á garðinum sumarið 2016.

## 8. Lokaorð

Þá er þessu uppgjöri starfsársins 2014 til 2015 lokið. Starfsmannahópurinn hefur unnið gott starf og náð að vinna nú sem endranær vel saman. Við höfum einnig verið að vinna í

endurmati á skólanum eins og undanfarin ár sem er nauðsynlegt til þess að fá fólk til að gera gott betra og hafa margar góðar hugmyndir sprottið uppúr því. Uppúr stendur mikil vinna í skólanámskrá Álfasteins, sem gjarnan leiðir af sér nánari skoðanir á ýmsum þáttum starfsins. Starfsfólk var sammála um að ákaflega gaman og gagnlegt var að kynnast starfi skógarleikskólans í Glasgow, slíkar ferðir eru nauðsynlegar til þess að kynnast því sem aðrir eru að gera og auka víðsýni starfsmannahópsins, því alltaf er hægt að læra eitthvað nýtt. „Sá lengi lærir sem lifir“

Álfasteini, desember, 2015: \_\_\_\_\_  
Hugrún Hermannsd., leikskólastjóri.